



## Reykjaneshöfn

Víkurbraut 11  
230 Reykjanesbær

Reykjanesbær, 10. ágúst 2023  
Mál nr. 2020050255

### Efni: Breyting á lóðum við Helguvíkurhöfn

Eftirfarandi var bókað á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 7.7.2023 og staðfest á fundi bæjarráðs þann 13.7.2023

Erindi Reykjaneshafnar dags. 4. júlí 2023. Áhugi er kominn fram um að hefja uppbyggingu nýrra hafnarmannvirkja í Helguvíkurhöfn. Í tengslum við þær hugmyndir getur þurft að breyta og aðlaga lóðarmörk við lóðir á Stakksbraut sem liggja að hafnarsvæðinu. Atvinnu- og hafnarráð fól hafnarstjóra að opna viðræður við skipulagsyfirvöld varðandi þá möguleika sem geta verið í boði.

*Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir erindið.*

*Með vísan til ákvæða stjórnisýslulaga nr.37/1993 er yður hér með bent á andmælarétt, þar sem þér er heimilt að tjá þig um málið innan 14 daga frá viðtöku þessa bréfs. Athugasemdir sendist á Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbær – merkt skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar.*

*Að auki er þér bent á að teljir þú að hér sé um að ræða úgreiningsmál milli þín og embættisins, getur þú vísað málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. lög nr. 130/2011. Kærufrestur er almennt einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt um, eða mátti vera kunnugt um. Þá ákvörðun sem kæra skal.*

Ofangreint tilkynnist hér með  
f.h. Reykjanesbæjar

#### Ráðhús Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12  
230 Reykjanesbær

Sími: 421 6700  
reykjanesbaer@reykjanesbaer.is  
www.reykjanesbaer.is

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni